

Fimmtudaginn 17. desember 1998.

Nr. 199/1998.

**Protabú Gallerís Sports ehf.**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Sparisjóði vélstjóra**

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

**og gagnsök**

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 13. maí 1998. Hann krefst þess, að rift verði með dómi greiðslu á hluta skulda Gallerís Sports ehf. við gagnáfrýjanda, sem fór fram 19. apríl 1996, með afhendingu tveggja víxla með gjalddaga 3. maí og 3. júní 1996, hvors að fjárhæð 400.000 krónur, svo og, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. apríl 1996 til 26. mars 1997, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi 24. júní 1998. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað, sem aðaláfrýjanda verði gert að greiða í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **I.**

Samkvæmt gögnum málsins fól gagnáfrýjandi í febrúar 1996 lögmanni að innheimta fjórar kröfur sínar á hendur Gallerí Sport ehf. Var þar um að ræða tvo víxla, að fjárhæð 300.000 krónur og 244.500 krónur, sem voru gefnir út 29. desember 1995 með gjalddaga 10. janúar 1996, skuldabréf, út gefið 23. júní 1992, að upphaflegri fjárhæð 300.000 krónur, en að eftirstöðvum 16.666,70 krónur, auk verðbóta, vaxta og kostnaðar, og veðskuldabréf, út gefið 25. nóvember 1993, að upphaflegri fjárhæð 2.000.000 krónur, en að eftirstöðvum 458.333,70 krónur, auk verðbóta, vaxta og kostnaðar. Aðalskuldari

samkvæmt öllum þessum viðskiptabréfum var Gallerí Sport ehf., en jafnframt stóðu nafngreindir menn í ábyrgð fyrir greiðslu skuldanna, og auk þess hafði einn þeirra sett fasteign sína að veði til tryggingar síðastnefndu skuldabréfi.

Gagnáfrýjandi höfðaði tvö mál með stefnum 16. apríl 1996 til heimtu skulda samkvæmt fyrrnefndum víxlum. Lögmaður Gallerís Sports ehf. ritaði gagnáfrýjanda bréf 18. apríl 1996, og var þar vísað til samtals daginn áður og þess farið á leit, að tveir nánar tilteknir víxlar yrðu keyptir og „andvirði þeirra nýtt til greiðslu vanskila“ félagsins við gagnáfrýjanda. Þessir víxlar voru hvor að fjárhæð 400.000 krónur, út gefnir 21. mars 1996 af Guðlaugi Magnússyni og ábektir af Karli Sigurðssyni, en samþykktir til greiðslu 3. maí og 3. júní 1996 af fyrirtækinu Aerobic Sport. Gagnáfrýjandi keypti víxlana 19. og 22. apríl 1996. Við kaupin voru dregnir af víxilandvirðinu forvextir og kostnaður, samtals 18.154,40 krónur, og voru því að öðru leyti til ráðstöfunar 781.845,60 krónur. Af þeirri fjárhæð var 570.372,10 krónum varið til að greiða að fullu höfuðstól fyrrnefndra tveggja víxla, sem samþykktir voru af Gallerí Sport ehf., og áfallna dráttarvexti af þeim. Þá var 24.359,50 krónum ráðstafað til að greiða upp höfuðstól áðurnefnds skuldabréfs frá 23. júní 1992 ásamt áföllnum verðbótum, vöxtum, dráttarvöxtum og bankakostnaði. Eftirstöðvar andvirðis víxlanna, 187.114 krónur, voru loks nýttar til að greiða áfallinn kostnað af innheimtuaðgerðum lögmanns vegna allra skuldanna fjögurra, sem áður var getið, en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist sá kostnaður alls hafa numið 188.748 krónum. Viðskiptabréfin, sem greiddust að fullu með þessum hætti, munu í kjölfarið hafa verið afhent greiðanda.

Bú Gallerís Sports ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 31. október 1996, en frestdagur við þau er 6. ágúst 1996. Kröfurnar, sem aðaláfrýjandi gerir í málinu, snúa að ráðstöfun andvirðis áðurnefndra tveggja víxla, sem gagnáfrýjandi keypti af félaginu 19. og 22. apríl 1996.

## II.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, afhenti Gallerí Sport ehf. gagnáfrýjanda víxlana tvo, sem áður er lýst, til greiðslu á vanskilaskuldum innan sex mánaða fyrir frestdag við gjaldþrotaskipti á búi

félagsins. Greiðsla á peningakröfu með viðskiptabréfum á hendur þriðja manni getur almennt ekki talist venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum. Breytir þar engu, þótt viðtakandi greiðslunnar sé lána- stofnun. Gagnáfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að samið hafi verið fyrir fram um, að greiða ætti í þessu formi þær skuldir Gallerís Sports ehf., sem um ræðir í málinu. Verður því fallist á það með aðaláfrýjanda, að greiðslan hafi verið innt af hendi með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjald- protaskipti o. fl.

### III.

Gagnáfrýjandi ber því við, að hvað sem öðru líði, megi líta svo á, að greiðslan, sem málið varðar, hafi í ljósi fyrri viðskipta sinna við Gallerí Sport ehf. virst venjuleg eftir atvikum. Verði henni því ekki rift vegna niðurlagsorða 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991.

Í málinu liggja fyrir gögn frá gagnáfrýjanda, sem sýna, að hann keypti 11. ágúst 1993 af Gallerí Sport hf. skuldabréf, út gefið af þriðja manni, fyrir 402.570,40 krónur, svo og átta víxla á tímabilinu frá 12. ágúst 1994 til 19. apríl 1995, en þeir voru allir samþykktir til greiðslu af Eróbik Sport sf. og hver að fjárhæð 400.000 krónur. Eins og málið liggur fyrir, verður ekki annað ráðið en andvirði skulda- bréfsins hafi í heild verið lagt á tékkareikning Gallerís Sports hf. og að engu leyti varið til greiðslu skulda félagsins hjá gagnáfrýjanda. 12. ágúst 1994 keypti gagnáfrýjandi af félaginu tvo þeirra víxla, sem áður er getið, fyrir samtals 764.511,70 krónur. Af þeirri fjárhæð virð- ast 382.254,60 krónur hafa gengið beint til að greiða gjaldfallnar mánaðarlegar afborganir frá tímabilinu mars til ágúst 1994 af tveimur skuldabréfum í eigu gagnáfrýjanda, út gefnum af Gallerí Sport hf. Afgangur kaupverðsins, 382.257,10 krónur, var hins vegar lagður á tékkareikning félagsins. Í þeim sex tilvikum öðrum, þegar gagn- áfrýjandi keypti víxla af Gallerí Sport hf. á tímabilinu fram til 19. apríl 1995, var kaupverðið ávallt greitt inn á tékkareikning félagsins. Í fjórum af þessum tilvikum skuldfærði gagnáfrýjandi tékkareikn- inginn um líkt leyti fyrir gjaldföllum afborgunum af sömu skulda- bréfum og áður er getið, hverju sinni fyrir fjárhæð, sem svaraði frá um 15 til um 50 hundraðshluta af kaupverði víxlanna, en í tveimur tilvikum er ekki að sjá, að slíkar ráðstafanir hafi á nokkurn hátt tengst víxilkaupum.

Af framangreindu verður ráðið, að í viðskiptum gagnáfrýjanda við Gallerí Sport hf. og síðan samnefnt einkahlutafélag á tímabilinu frá 11. ágúst 1993 til 19. apríl 1995 keypti hinn fyrrnefndi níu sinnum viðskiptabréf á hendur þriðja manni af hinum síðarnefnda. Með einni undantekningu rann kaupverð viðskiptabréfa inn á tékkareikning félagsins hjá gagnáfrýjanda, sem var um líkt leyti skuldfærður fjórum sinnum til greiðslu gjaldfallinna afborgana af skuldabréfum með fjárhæðum, sem námu þó aðeins hluta kaupverðsins. Þegar gagnáfrýjandi keypti á hinn bóginn í apríl 1996 þá tvo víxla, sem mál þetta varðar, hafði eftir gögnum málsins verið hlé í rétt ár á verðbréfavíðskiptum hans við félagið, og voru gjaldfallnar skuldbindingar þess við gagnáfrýjanda þá til innheimtu hjá lögmanni. Kaupin voru gerð samkvæmt beiðni lögmanns félagsins, sem vísaði sérstaklega til þess, hvernig komið væri með innheimtu á vanskilaskuldum félagsins við gagnáfrýjanda. Kaupverði víxlanna var ráðstafað í heild til að greiða skuldir félagsins við gagnáfrýjanda, en að engu leyti lagt á tékkareikning þess til frjálsrar ráðstöfunar. Kaupverðinu var að nær öllu leyti varið til greiðslu skuldar samkvæmt tveimur víxlum á hendur félaginu og kostnaðar af innheimtuáðgerðum lögmannsins, en aðeins að mjög litlu leyti til að greiða tvær gjaldfallnar afborganir af skuldabréfi, sem áður hafði verið greitt af í tengslum við víxilkaup gagnáfrýjanda af félaginu. Þegar þessara atriða er gætt í heild, er ekki unnt að líta svo á, að viðskipti félagsins við gagnáfrýjanda um verðbréfakaup hafi verið svo samfelld og slík samsvörun á milli viðskiptanna annars vegar á tímaskeiðinu 11. ágúst 1993 til 19. apríl 1995 og hins vegar í apríl 1996, að ráðstafanir þær, sem aðaláfrýjandi krefst riftunar á, verði nú taldar hafa virst venjulegar eftir atvikum. Samkvæmt þessu og með vísan til 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 verður krafa aðaláfrýjanda um riftun tekin til greina.

#### IV.

Af gögnum málsins verður ályktað, að gagnáfrýjandi hafi haft þann hag af þeim viðskiptum við Gallerí Sport ehf., sem krafa aðaláfrýjanda um riftun lýtur að, að með þeim hafi fengist greiddar skuldir, að fjárhæð alls 781.845,60 krónur. Með vísan til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 verður aðaláfrýjanda því dæmd sú fjárhæð úr

hendi gagnáfrýjanda. Greiðsla samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði felur ekki í sér eftir hljóðan þess skaðabætur, og kemur því þegar af þeirri ástæðu ekki til álita að dæma vexti af henni samkvæmt 7. gr. vaxtalaga. Verður gagnáfrýjandi því dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda dráttarvexti af fyrrgreindri fjárhæð frá 11. apríl 1997, en þá var mánuður liðinn, frá því að hinn síðarnefndi lýsti yfir riftun í bréfi til gagnáfrýjanda og krafði hann fyrst um greiðslu, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga með áorðnum breytingum.

Gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði segir.

#### D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Sparisjóður vélstjóra, greiði aðaláfrýjanda, þrotabúi Gallerís Sports ehf., 781.845,60 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. apríl 1997 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1998.**

Mál þetta, sem dómtekið var 19. janúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 9. júní 1997.

Stefnandi er þrotabúi Gallerís Sports ehf., kt. 640591-1459, Skipholti 50 d, Reykjavík.

Stefndi er Sparisjóður vélstjóra, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, Reykjavík.

#### *Dómkröfur stefnanda.*

Stefnandi krefst þess, að rift verði með dómi greiðslu á hluta af skuldum Gallerís Sports ehf. við Sparisjóð vélstjóra, sem fram fór 19. apríl 1996 með afhendingu á tveimur víxlum, hvors um sig að fjárhæð 400.000 krónur, með gjalddaga 3. maí 1996 og 3. júní 1996. Fjárhæð víxlanna er samtals 800.000 krónur.

Þá krefst stefnandi, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 800.000 krónur auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. apríl 1996 til 26. mars 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Loks er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi.

#### *Dómkröfur stefnda.*

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt fram lögðum reikningi eða að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti. Málskostnaður beri dráttarvexti að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

#### *Málavextir.*

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 31. október 1996, var bú Gallerís Sports ehf., kt. 640591-1459, tekið til gjaldþrotaskipta, og var Björgvin Jónsson hdl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Innköllun til kröfuhafa var birt í Lögbirtingablaði 15. nóvember 1996, og lauk kröfulýsingarfresti í þrotabúinu 15. janúar 1997. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 6. ágúst 1996.

Í bréfi skiptastjóra til Þorsteins Eggertssonar hdl., lögmanns Gallerís Sports ehf., dags. 4. desember 1996, var óskað upplýsinga um rekstur félagsins árið 1996. Í svarbréfi lögmannsins til skiptastjóra, dags. 17. desember 1996, og meðfylgjandi gögnum komu fram upplýsingar, sem sýndu, að hið gjaldþrota félag greiddi 19. apríl 1996 hluta af skuldum sínum við stefnda með tveimur viðskiptavíxlum, hvorum um sig að fjárhæð 400.000 kr., er afhentir voru stefnda 18. apríl 1997. Umræddir víxlar, sem gefnir voru út 21. mars 1996, eru með gjalddaga 3. maí 1996 og 3. júní 1996. Víxlarnir voru báðir út gefnir af Guðlaugi Magnússyni og samþykktir af Spræk ehf. Ábekingur á víxlunum er Karl Sigurðsson.

19. apríl 1996 keypti stefndi umrædda víxla af Gallerí Sport ehf. og ráðstafaði andvirði þeirra inn á skuldir félagsins við stefnda. Meðal þeirra skulda, sem umræddir víxlar voru notaðir til að greiða, voru skuldabréf nr. 020446, greiðandi Gallerí Sport ehf., víxill nr. 026930, að fjárhæð 300.000 kr., út gefinn af Þórði Þórðarsyni, samþykktur af Gallerí Sport ehf. og ábektur af Ólöfu Guðleifsdóttur, og víxill nr. 026931, að fjárhæð 244.500 kr., út gefinn af Ólöfu Guðleifsdóttur, samþykktur af Gallerí Sport ehf., en ábektur af Þórði Þórðarsyni. Að sögn lögmanns Gallerís Sports ehf. bárust ekki kvittanir frá stefnda um það, hvernig afgangi af andvirði hinna keyptu víxla hafði verið ráðstafað inn á skuldir félagsins. Taldi lögmaðurinn líklegt, að hluti af andvirði þeirra hefði gengið til greiðslu á lögræðikostnaði, þar sem víxlarnir höfðu áður verið settir til innheimtu.

Með bréfi skiptastjóra, dags. 11. mars 1997, mótteknu af stefnda 12. mars 1997, var stefnda tilkynnt um riftun á ofangreindri greiðslu og jafnframt gerð krafa um skil á andvirði víxlanna auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/

1987 frá afhendingu víxlanna til greiðsludags. Í bréfinu var stefnda veittur frestur til 25. mars til að verða við þessum kröfum. 1. apríl 1997 barst svar frá lögmanni stefnda og kröfum um riftun og greiðslu á andvirði víxlanna mótmælt.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi telur, að með afhendingu á umræddum tveimur víxlum 18. apríl 1996 til greiðslu á hluta af skuldum Gallerís Sports ehf. við stefnda hafi farið fram greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sem innt hafi verið af hendi á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag. Hæstiréttur hafi margsinnis fallist á það í dómum sínum, að afhending viðskiptakröfu á hendur þriðja aðila skömmu fyrir gjaldþrot teljist óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. og 54. gr. eldri laga nr. 6/1978. Megi um það m. a. vísa til Hrd. 1996, 901, og Hrd. 1993, 2292. Ekki verði heldur talið, að afhending þriðjamannsvíxla hafi mátt virðast venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum aðila, eins og haldið sé fram í bréfi lögmanns stefnda, dags. 1. apríl 1997, enda hafi ekki verið samið um slíkan greiðslueyri fyrir fram, þ. e., þegar til skuldarinnar var stofnað.

Þá reisir stefnandi kröfu sína um riftun sjálfstætt á því, að umrædd greiðsla hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa, en ljóst sé, að Gallerí Sport ehf. hafi verið ógjaldfært á því tímamarki, er umrædd ráðstöfun fór fram, og stefndi sem aðalviðskiptabanki félagsins, og með hliðsjón af atvikum öllum hafi mátt vita um ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Því sé greiðslan einnig riftanleg skv. 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Fjárhæð kröfu stefnanda sé þannig fundin, að víxlar þeir, er afhentir voru stefnda 18. apríl 1996, hafi verið hvor um sig að fjárhæð 400.000 kr. og því samanlagt að fjárhæð 800.000 kr., sem eru stefnu fjárhæð. Krafist er vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá því að stefndi samþykkti að kaupa víxlana 19. apríl 1996 og ráðstafaði andvirði þeirra til greiðslu á hluta af skuldum Gallerís Sports ehf. við stefnda. Krafist er dráttarvaxta frá 26. mars 1997 í samræmi við bréf skiptastjóra, dags. 11. mars 1997.

Kröfu sína um riftun á greiðslu reisir stefnandi á ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991, aðallega 134. gr., en einnig á 141. gr. laganna. Þá vísar stefnandi m. a. til eftirfarandi hæstaréttardóma: Hrd. 1996, 901, og Hrd. 1993, 2292.

Krafa um fjárgreiðslu er reist á ákvæðum XX. kafla laga nr. 21/1991, einkum 142. gr. þeirra laga.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Um kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um fyrirvar skiptastjóra vísar stefnandi til XIX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að allt frá miðju ári 1992 hafi farið fram viðskipti milli stefnanda og stefnda. Hafi velta stefnanda hjá stefnda numið milljónum ár hvert, og hafi verið veitt heimild fyrir yfirdrætti á tékkareikningi félagsins. Einnig hafi stefnanda verið veitt lán, ýmist í formi víxillána eða skuldabréfa.

Í janúar, febrúar, mars og apríl 1995 hafi stefndi keypt viðskiptavíxla á hendur þriðja manni., þ. e. Aerobic Sport (síðar hafi nafni félagsins verið breytt í Spræk ehf.), sem notaðir hafi verið til greiðslu á skuldum stefnanda við stefnda.

Í febrúar 1996 hafi fjögur viðskiptabréf, sem gefin voru út af stefnanda, verið sett til innheimtu hjá KPMG lögmönnum vegna vanskila. Hafi viðskiptabréf þessi verið með ábyrgðarmönnum og eitt með veði. 16. apríl 1996 hafi stefnanda og ábyrgðarmönnum verið stefnt af KPMG lögmönnum f. h. stefnda vegna vanskila á víxlum nr. 26930 og 26931. Með bréfi, dags. 18. apríl 1996, hafi lögmaður stefnanda óskað eftir því við stefnda, að fleiri viðskiptavíxlar yrðu keyptir á Aerobic Sport og þeir notaðir til greiðslu á þeim skuldum stefnanda, sem væru til innheimtu hjá KPMG lögmönnum. Jafnframt hafi komið fram í bréfi lögmannsins, að frekari greiðslna mætti vænta í júlímánuði. Á þetta hafi stefndi fallist í góðri trú um, að verið væri að leysa mál Gallerís Sports gagnvart stefnda, og í ljósi þess hafi kröfurnar verið afturkallaðar úr innheimtu KPMG lögmanna og málin því ekki verið þingfest. Síðan hafi frumrit hinna „uppgreiddu“ viðskiptabréfa verið send greiðanda, þ. e. stefnanda í máli þessu. Þar með hafi tryggingar í formi ábyrgða fallið niður.

Sýknukrafa stefnda er aðallega reist á því, að stefndi hafi að beiðni lögmanns stefnanda keypt umrædda víxla í góðri trú um, að verið væri að ganga frá skuldum stefnanda. Skuldabréfa- og víxilskuldir, sem voru til lögfræðilegrar innheimtu hjá KPMG lögmönnum, hafi verið kallaðar úr innheimtu, en þar hafi skuldurum áður verið ýmist send greiðsluáskorun eða stefnt fyrir dóm. Í framhaldi hafi frumrit viðskiptabréfanna verið send stefnanda. Með því hafi ábyrgðarskuldbindingar ábyrgðarmanna fallið niður. Hefði stefndi haft einhverju minnstu grunsemdum yfirvofandi gjald-

prot, hefði hann aldrei tekið við umræddum víxlum sem greiðslum og tapað þar með ábyrgð ábyrgðarmanna. Í bréfi lögmanns stefnanda hafi verið vísað til þess, að frekari greiðslna mætti vænta í júlí.

Ef riftunarkrafan nái fram að ganga, muni stefndi bíða af mikið tjón, enda sé ekki hægt að sækja á ábyrgðarmenn, þar sem frumrit viðskipta-bréfa séu í vörslu stefnanda, og auk þess séu kröfur á útgefanda og ábyrgðarmenn víxlanna fyrndar. Sé stefndi því í mun lakari stöðu en hann hafi verið, áður en til greiðslu kom með umræddum víxlum.

Með vísan til 135. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991, sem sett var í stað 55. gr. eldri laga, er gerð sú krafa, að riftun skuli ekki ná fram að ganga. Vísað er til tilgangs með setningu 55. gr., sem hafi verið að tryggja það, að aðilar eigi ekki að vera í verri stöðu en þeir hefðu verið, ef skuldarinn, þ. e. stefnandi í máli þessu, hefði ekki greitt.

Því er harðlega mótmælt, að hér hafi ekki verið um venjulegan greiðslu-eyri að ræða. Kaup víxla og skuldabréfa sé almennur greiðslumáti hjá bankastofnunum. Á það er bent, að fjórum sinnum árið 1995 hafi stefndi keypt viðskiptavíxla á þriðjamann, Aerobic Sport, þ. e. sama aðila, sem hver um sig hafi verið sömu fjárhæðar, 400.000 kr., eins og víxlar þeir, sem hér um ræðir. Allir hafi víxlarnir verið notaðir til greiðslu á skuldum stefnanda. Greiðslan hafi ekki getað annað en virst stefnda venjuleg, sbr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Þegar af þeirri ástæðu skuli sýknað af riftunarkröfu stefnanda.

Fallist dómurinn á riftunarkröfu stefnanda, er sérstaklega mótmælt stefnufjárhæð. Víxlarnir hafi verið keyptir fyrir 781.845,60 krónur. Mismunurinn, 18.154,40 kr., hafi farið til greiðslu stefnanda á lántökugjöldum og kostnaði. Verði stefnandi að bera þann kostnað. Stefnandi geti ekki krafist hærri fjárhæðar en andvirðis hinna keyptu víxla. Vextir geti ekki reiknast nema í fyrsta lagi frá gjalddaga uppítökuvíxlanna, þ. e. annars vegar frá 3. maí 1996 og hins vegar frá 3. júní 1996.

Krafa um greiðslu málskostnaðar er reist á 129., sbr. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu til greiðslu dráttarvaxta á málskostnað er vísað til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Krafa um virðisaukaskatt á málflytningsspóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmonnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

*Niðurstaða.*

Hin umdeilda greiðsla fór fram innan sex mánaða frestsins samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., en frestdagur var 6. ágúst 1996.

Stefnda var greidd skuldin með víxlum, samþykktum af þriðja aðila, sem telja verður óvenjulegan greiðslueyri í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991.

Andvirði víxlanna, samtals að fjárhæð 800.000 krónur, sem stefnda voru afhentir 19. apríl 1996, var notað til greiðslu gjaldfallinna skulda stefnanda við stefnda.

Ber þá að taka afstöðu til þess, hvort greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum í skilningi ofangreindrar lagagreinar.

Fallast ber á það með stefnda, að kaup víxla og skuldabréfa muni vera almennur greiðslumáti hjá bankastofnunum. Fram lögð gögn sýna, að í ágúst 1994 keypti stefndi skuldabréf, að því er virðist út gefið af þriðja manni, af stefnanda, að fjárhæð 428.333 krónur. Fjárhæð þessari virðist hafa verið varið til greiðslu á skuld stefnanda samkvæmt skuldabréfi. Í nóvember 1994 keypti stefndi af stefnanda víxil, að fjárhæð 400.000 krónur, samþykktan af Aerobic Sport. Virðist hluti af greiðslunni hafa farið til greiðslu inn á skuldabréf. 2. desember 1994 keypti stefndi af stefnanda víxil, að fjárhæð 400.000 krónur, samþykktan af Aerobic Sport. Stefndi keypti fjóra víxla, að fjárhæð 400.000 kr. hvern, í janúar, febrúar, mars og apríl 1995. Þessir víxlar voru að sögn stefnda samþykktir af Aerobic Sport. Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að hin umstefnda greiðsla með víxlunum tveimur 19. apríl 1996 hafi virst venjuleg eftir atvikum í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi styður riftunarkröfu sína jafnframt við 141. gr. laga nr. 21/1991. Enda þótt stefnandi hafi átt viðskipti við stefnda, hefur ekki verið sýnt fram á, að stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni stefnanda, þegar hin umdeilda greiðsla fór fram 19. apríl 1996.

Með vísan til framanritaðs er stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Sparisjóður vélstjóra, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, protabús Gallerís Sports ehf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.